

S T A R F S S K Ý R S L A .

1 9 7 9

Gróðrarasöðin Tumastöðum.

## 1. Veðurfar ársins.

Hér á eftir koma upplýsingar um veðrið á Sámstöðum fyrir árið 1979 það er meðalhiti, úrkoma og sólskinsst. ásamt meðalhita árana 1931 - 1960 það er aðeins febrúar sem er ofan við meðaltal allir aðrir mánuðir ársins eru fyrir neðan meðaltal og árið í heild 1,8 gráðu kaldara en meðaltal sínir.

	<u>Árið 1979</u>				<u>Meðaltal '31 - '60:</u>	
	<u>Meðalh.</u>	<u>Úrkoma</u>	<u>Sól klst.</u>	<u>Lám v/jörð</u>	<u>Meðalh.</u>	<u>Úrkoma</u>
Janúar	-4,4	67,9 mm	53,9		-0,3	11,0 mm
Febrúar	0,4	138,2	38,3		-0,2	96,0
Mars	-4,1	48,8	191,4		1,7	95,0
Apríl	2,9	38,7	183,6		3,3	71,0
Maj	2,8	33,3	234,1	-3,5	7,1	53,0
Júní	8,8	156,9	116,0	3,8	9,9	56,0
Júlí	10,0	72,0	138,2	5,0	11,6	67,0
Ágúst	10,5	46,2	167,4	4,1	10,9	93,0
September	5,5	115,5	118,9	-0,8	8,5	105,0
Október	5,1	112,8	86,2		4,8	134,0
Nóvember	0,8	104,1	49,4		2,4	114,0
Desember	-0,4	121,6	14,0		0,8	107,0
<u>Árið</u>	<u>3,2</u>	<u>1056,0 mm</u>	<u>z</u>		<u>5,0</u>	<u>1101,0 mm</u>

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun birkiskjólbeltanna hér í gróðrarstöðinni á Tumastöðum sem eru alin upp af fræi frá Bæjarstað laufguðust 18. júní en lauffall varð 2. október.

Skjólbelti með sitkagreni af tveimur íslenskum kvæmum (Tumast. og Hveragerði) voru að byrja að þ springa út 26. júní og er þá álmur hálf laufgaður.

### 2.2 Vöxtur.

Vöxtur á birki og sitkagreni sem eru nær einu tegundirnar af

trjá hér í gróðrarstöðinni er fyrir neðan meðallag. Mælingar hafa ekki farið fram á trjám hér í gróðrarstöðinni en kæmi til mála að framkvæma hana á íslenska sitkagreninu sem eru hér í skjólbeltum og smá plöntun í Múlakoti.

### 2.3 Fræfall.

Fræ var lítið á birki, en var safnað en ekki lögð mikil áhersla á það, var að okkar áliti fremur illa þroskað. Safnað var af skjólbeltunum hér í gróðrarstöðinni, einnig var safnað í sáðreitnum á Múlakotsaurum og Þorsteinslundi við Hlíðarendakot þetta birki er Bæjarstaða kvæmi.

Safnað var 2,0 kg. af birkifræi á Tumastöðum, 4,5 kg. í Þorsteinslundi, 0,4 kg. Múlakotsaurum og 0,2 kg. Múlakotsbrekku. Tölvvert var af könglum á sitkagreni hér í ár, meira en ég man eftir áður, var þeim safnað og varð í 9 stóra plastpoka um lítrafjölda er ekki gott að sègja. Það var tafsaamt að safna könglunum vegna þess að þeir virtust þroskast og opnast misjafnlega fljótt. Safnað var smávegis af sitkaelri og úlfareyni. Fjallapínur í Múlakoti bar nú í fyrsta sinn nokkra köngla og var þeim safnað. Alaskaöspin í Múlakoti bar þroskað fræ og er það í fyrsta skipti svo ég viti safnað var fræi sem fallið hafði niður því sáð í bakka og komu nokkrar plöntur upp en misfórust síðan í haustfrosti.

### 2.4 Skaðar.

2.4.1 Það var nokkuð um það í vor þegar sitkagrenið var að springa út að stórir árssprotar frá síðasta ári sprungu ekki út og virtust visnir, þetta gæti bent til þess að trén hafi ekki náð að ganga frá sér haustið á undan, einstaka tré var með visnaðan síðasta ársvöxt á hliðargreinum þetta var mest áberandi á sitkagreni frá Seward sem kom hingað frá Noregi 1960.

2.4.2 Það bar nokkuð á ranabjöllu í gróðrarstöðinni og varð skaði aðalega á sitkagreni í móbandi.

Það er nauðsynlegt að fá lyf til að blanda saman við moldina þegar beðið er og að blanda saman við moldina sem notuð er í móband og potta.

### 3. Starfsfólk.

Auk mín vinna hér allt árið verkstjóri og 1 kona sem vinnur að mestu allt árið.

Mestur var starfsmanna fjöldi í júní en þá komust 19 manns á kaupskrá.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en um 20. maí vegna vorkulda en maí mánuður var 4,3 gráðum kaldari en í meðal ári og var meðalhiti mánaðarinnis aðeins 2,8 gráður.

Unnar vinnu vikur í hverjum mánuði.

	Konur	Karlar	Samtals
Janúar	4,3	4,5	8,8
Febrúar	3,5	4,0	7,5
Mars	2,3	5,9	8,2
Apríl	5,1	9,3	14,4
Maí	24,2	19,0	43,2
Júní	43,7	25,3	69,0
Júlí	42,5	22,9	65,4
Ágúst	21,9	17,2	39,1
September	6,1	14,2	20,3
Október	4,8	10,9	15,7
Nóvember	3,6	7,6	11,2
Desember	<u>2,0</u>	<u>6,3</u>	<u>8,3</u>
<u>Samtals</u>	<u>164,0</u>	<u>147,1</u>	<u>311,1</u>

#### 4. Girðingar.

Við kaup á Stóra Kollabæ jókst viðhald girðinga mjög en þær girðingar eru margar hverjar lélegar bætust því við um 9.000 m. af girðingum við girðingar gróðrarstöðvarinnar.

Hagar eru skiptir en sameiginleg girðing er um haga Tumastaða, Kollabæjar og Stöðlakots, á þremur stöðum vantar girðingu og er aðeins skurðgröfuskurður á mörkunum hindrun fyrir búpening, þeir eru ekki fjárheldir. Kostnaður við girðingar varð 772.770 kr.

#### 5. Gróðrarstöð.

##### 5.1 Fræplöntur.

Sáð var ýmsum tegundum af fræi í 516 m<sup>2</sup> þar af 84 m<sup>2</sup> í gróðurhúsi, hinu sáð í beð úti eins og venja hefur verið. Gluggar og karmar eru nú að ganga úr sér og verður annað hvort að endurnýja þá eða koma upp gróðurhúsi til sáningar.

Fræinu var sáð dagana 6.- 8. júní eftir að það hafði verið örvað.

Fræið spíraði vel og þéttleiki virðist nokkuð góður.

Vöxtur virðist vera í meðallagi og lítil vanhöld.

Fræplöntur 2 ára eru smáar og því hætt við að tala sú sem gefin er upp standist ekki.

Dreifsetningarplöntur 2/o eru taldar vera 463.800 stk. og 80.000 stk. 1/o lerkiplöntur til viðbótar eða 543.800 stk. til samtals.

## 5.2 Dreifplöntur.

Svipað magn var dreifsett í ár og í fyrra eða 270.440 stk. þar af dreifsett úti með bretti 114.700 stk. en í móband 155.740 stk.

Úti dreifsetning tókst nokkuð vel og vöxtur er þar með ágætum, til marks um það er að Martin Sandvik sem hér var á ferð í haust sagði af stafafuran væri það stór og fín að hún ætti að takast upp og plantast að vori, annars yrði hún of stór ef hún stæði annað ár.

Um dreifsetningu í móband er það að segja að hún hefur enn sem komið er verið áfalla lítil en vegna þess hvað lítið var til af dreifsetningarplöntum var sama og engu hent.

Fræplönturnar voru sorteraðar í tvo flokka, stærri flokkurinn dreifsettur úti hinn í móband, því má búast við afföllum í móbandsdreifsetningu.

Vöxtur á 2/2 plöntum var nokkuð góður nema á stafafuru hún er frekar smá.

Það þar ofurlítið á haustkali á sitkagreni 2/3 aðalega kvæmi frá Heins sem ekki er nærri því nógu harðgert, toppkelur nær alltaf, vonast ég til að það verði ekki notað aftur. Stafafura af sama kvæmi eða Heines er líka áfallasöm og ljót í vexti að sagt er.

## 5.3 Garðplöntur.

Það sýnir sig að garðpl. uppeldið ekki einungis skilar hagnaði heldur einnig skógarplöntu verðinu í lágmarki og á ég þá við að nær ómögulegt er að fá fólk til starfa 1-2 mánuði að vorinu og hvað ætti að taka til bragða þegar veðráttan er óhagstæð til úti dreifsetningar.

Stungið var 63.073 stk. af vorgræðlingum og fylgir skrá yfir þá aftar í skýrslunni.

Aðeins voru teknir 5.292 stk. sumargræðlingar og er það mun minna en skyldi. Pottaðar voru 9.208 plöntur af 55 tegundum. Afhentar voru 7.065 stk. af 60 tegundum garðplantna, 10.622 stk. rættir græðlingar, 11.700 stk. órættir græðlingar og 132 stk. hnausaplöntur eða samtals 29.519 stk.

Síðarihluti vetrar hefur verið notaður til að klippa græðlinga, pottun garðplantna hefur verið þegar ekki hefur verið útivinnu veður á vorin eða þegar sáningu og dreifsetningu er lokið og fyrir bragðið fæst ekki eins góður árangur og sumarvöxtur verður ekki eins góður.

#### 5.4 Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 223.539 stk. af skógarplöntum þar af 93.264 stk. í móbandi og auk þess 23.390 stk. til gróðursetningar síðsumars vegna gróðursetningar Norðmanna.

Afhending byrjaði 7. maí og stóð fram að 11. júlí, síðan var síðsumars afhending um mánaðarmót júlí- ágúst.

Allar beðskógarplöntur sem afhentar voru í vor höfðu verið teknar upp 23. okt. - 23. nóv. og 1.-17. des. 1978.

Af 121.875 beðplöntum sem áætlað er að afhenda á næsta vori er búið að taka upp og setja í frystir 77.100 stk. og er þá eftir að taka upp stafafuruna og toppkalið sitkagreni Haines.

Upptaka á þessum plöntum var á tímab. 26. sept. - 2. nóvember.

Við hefðum tekið upp meira ef hægt hefði verið að fá fleira starfsfólk en mjög vont er að fá fólk á þessum tíma eða meðan sláturhúsin starfa.

#### 5.5 Illgresiseyðing.

Gardoprim 80 var notað á dreifsetningarbeð þessa árs en eldri beð handhreinsuð og götur skafnar. Sáðbeð sprautuð með white spirete vikuna sem fræið spírar en síðan handhreinsað og eldri fræbeð handhreinsuð.

#### 5.6 Nýframkvæmdir.

Nokkuð var plantað af skjólbeltum í ár.

5.6.1 Belti með birki 1 röð með 60 cm. bili milli plantna. Þessi beltir eru þrjú og í landi Tumastaða 242 m. að lengd.

5.6.2 Belti með birki 2 raðir 100 cm. milli plantna í röð og 100 cm. milli raða, þessi beltir eru þrjú, og eru á skurðbökkum í landi Kollabæjar 747 m. að lengd.

5.6.3 Belti með ösp 2 raðir með 150 cm. á milli plantna og sama bil milli raða. Beltið er á skurðbakka í landi Kollabæjar og er 90 m. langt.

5.6.4 Belti með alaskavíði 2 raðir með 100 cm. milli plantna og raða á skurðbakka í landi Kollabæjar 215 m. á lengd.

5.6.5 Belti með birki 2 raðir, 100 cm. milli plantna og raða, beltir er í landi Tumastaða á brekkubrún austan íbúðarhúsa og er 340 m. á lengd.

5.6.6 Belti með alaskavíði 1 röð með 80 cm. á milli plantna, er í túnbrekkuni í Kollabæ 140 m. á lengd.

5.6.7 Belti með birki 3 raðir, 150 cm. milli plantna en 100 cm. milli raða er í brekkutúninu sunnan við mörkin á milli Tumastaða og Kollabæjar, 140 m. á lengd.

Í sumari hefur verið plantað 1.641 m. af skjólbeltum hér og notað til þess, 120 stk. alaskaösp, 630 stk. alaskavíðir og 2.859 stk. af birki eða samtals 3.609 stk.

## 5.7 Sala.

1. skógarplöntur til skógræktarf. og einstakl.	kr. 7.061.767
2. garðplöntur	kr. 7.670.251
3. garðplöntur til skjólbelta v. Landgræðsluá.	kr. 1.148.500
4. skógarplöntur til eigin nota	kr. 6.954.795
5. garðplöntur til endursölu og eigin nota	kr. 1.558.150
	<hr/>
Samtals	kr. 24.393.463
	=====

## 6. Gróðursetning.

Plantað var í landi Kollabæjar vestan og norðan við sumarbústað Tómasar Sigurþórssonar, vegna þess að landið losnaði ekki úr ábúð fyrr en í maí og eins hinu hvað vorið kom seint var ekki hægt að taka sauðfé af túnnum og heimahögum fyrr en eftir miðjan júní, var ekki hægt að planta fyrr en um mánaðarmót júní - júlí, mun vera nokkuð um haustkal á plöntum og er það aðalega á sitkagreni Cordova en það hefur ekki verið búið að ganga frá sér þegar haustfrost komu og lítur illa út.

Eftir töldum tegundum var plantað í Kollabæ og Tumastaði en aðeins stafafura í land Tumastaða í raðir milli sitkagreni af kvæmi frá Tumastöðum hér í brekkunni, þetta á að vera jólatrés gróðursetning

### Plöntun:

Stafafura 2/2/2 Skagway B-855	<i>Tumastaði?</i>	2.450 stk. ✓
Síberfulerki 2/1 Altaí B-894	<i>Kollabæ</i>	1.050 - ✓
Sitkagreni 2/3 Cordova B-817	<i>---</i>	2.150 - ✓
Bergfura 2/2 Ht. confl. B-859	<i>---</i>	550 - ✓
Birki 2/o Bæjarst. B-844	<i>---</i>	3.850 - ✓
Birki 2/2 Bæjarst.	<i>---</i>	<u>2.580 - ✓</u>
	Samtals	12.630 stk.

## 7. Byggingar.

### 7.1 Viðhald.

7.1.1 Á árinu var máluð íbúðarrhæð og herbergi í kjallara og skrifstofa í umdæmisbústað en þá það reyndist óhjákvæmilegt því að 1978 var skipt um glugga í húsinu settir nýir sólbekkir og áfellur, en ekki vannst þá tími til þess að mála húsið að innan og ljúka verkefninu.

Snyrtiherbergi var tekið í gegn og fengin ný hreinlætistæki, þeim komið fyrir á hagkvæmari hátt en áður var, skápar og vaskaborð sett upp og baðherbergið síðan flísalagt bæði veggir og gólf.

7.1.2 Veggur á milli verkstæðs og starfsmannabústaðar var klæddur með spónaplötum, verkstæðið og lagerherbergi þar inn- af málað með politex en sperrur litaðar með kjörvara, borð, hillur og gólf málað með E-21 gólfhúð og lakkað yfir með flott lakki. Settir upp 3 eifaldir Fluor ljósalampar í lagerherbergi.

7.1.3 Smíðuð var ný hurð í ~~gæ~~ geymslupláss þar sem frystivélarnar eru og handverkfæri eru geymd.

7.1.4 Settir voru þéttilistar á glugga í starfsmannabústað og ný stormjárn, einnig útiljós sem eru rakapéttir fluorlampar.

7.1.5 Settir voru upp jarðbundnir tenglar í báruplastgróðurhús svo hægt er að koma þar fyrir hita undir eða í borðin til að flýta fyrir rætingu sumargræðlinga.

Komið fyrir braut í lofti húsinns með tenglum svo hægt er að setja þar upp ljósalampa.

## 8. Vélar og verkfæri.

8.1 Frystivélamótor þurfti tvisvar að senda í viðgerð, frystivélarnar gengu illa, var því farið út í að setja upp nýjan töflukassa til að dreifa rafmagninu meira. Settur var spólurofi á vegg sem nú stjórnar rafmótor, það var gert vegna sí endur tekinnu bilana á rafmótor og hvað jarðar <sup>LJARR</sup> voru óstöðugir, þetta hefði ekki komið til ef hér væri 3 fasa rafmagn.

Sett var aðvörunarbjalla á annæri raflögn með jarðliða sem hringir ef hitastig í frystiklefa hækkar um t.d. 2 stig. Þetta er brunabjalla og heyrir í henni um alla stöðina.

8.2 Farið var yfir og gert við dráttarvélar og dráttarvélatengd tæki en engar stórvægilegar viðgerðir.

Sáning.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Kg.	M <sup>2</sup>	Pl. pr. m <sup>2</sup>	Athugas.
Birki	Bæjarst.	C-002	0,10	36	487	
Birki	Hrafnsg.+Geitag.	B-950	0,15	30		Gróðurh.
Birki	Tumast.		0,10	12	264	
Birki	Þorsteinsl.		0,10	12	627	
Birki	Múlakotsaurar		0,12	12	453	
Sitkaelri	Tumast.			9	20	Gróðurh.
Blágreini	Arehuleta Co.	B-943	0,20	18	1.252	
Rauðgreini	Bindal	B-803	0,36	36	1.246	
Sitkagreni	Húsmæðrask.	C-020	1,00	90	1.624	ex.Cordova
Sitkagreni	Tumast. garður	T44/79	0,40	7,5	1.988	Gróðurh.
Sitkagreni	Tumast. brekka	T44/79	0,10	1,5	1.148	Gróðurh.
Sitkagreni	Tumast.	T63/79	0,35	4,5	1.525	Gróðurh.
Sitkagreni	Tumast. skjólb.	T79	0.10	1,5	764	Gróðurh.
Stafafura	Skagway	B-952	1,00	144	1.822	
Sveigfura		C-028	1,00	3,5	1.296	Gróðurh.
Rússalerki	Modo	C-018	2,00	72	1.368	ex.Arkange.
Rússalerki	Modo	C-018	0,50	26,5	812	Gróðurh.

---

 516 m<sup>2</sup>

Dreifsetning.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Vaglir		1/0	8.140	
Birki	Bæjarstað	B-845	2/0	5.920	
Birki	Bæjarstað	B-845	2/0	32.120	Mb.
Blágreini	Higwood	B-825	2/0	4.260	Mb.
Hvítgreini	Hall.	B-956	2/0	5.920	
Hvítgreini	Hall	B-956	2/0	5.210	Mb.
Sitkagreini	Hall	B-958	2/0	10.730	
Sitkagreini	Egilst.	B-955	2/0	15.910	
Sitkagreini	Homer	B-858	2/2	2.960	
Stafafura	Skagway	B-935	2/0	65.120	
Stafafura	Skagway	B-935	2/0	65.460	Mb.
Rússalerki	Altaí	B-894	1/0	5.740	Mb.
Rússalerki	Tanny Tuva	B-942	1/0	14.500	Mb.
Rússalerki	Domsjöenget.	B-957	1/0	28.450	Mb.
				<hr/>	
				270.440	

Dreifsetning.      Græðlingar

Tegund	Kvæmi	Fjöldi	Athugas.
Alaskaösp	C-10 Capper river delta	2.050	
Alaskaösp	C-14 Yakutat	550	
Alaskaösp	C-12 Dangerans river	500	
Alaskaösp	C-9 Cordova flats	400	
Alaskaösp	1950	50	
Alaskaösp	Ýmis kvæmi	800	
Alaskavíðir	brúnn	6.200	
Alaskavíðir	grænn	4.450	
Alaskavíðir	S-4	7.000	
Alaskavíðir	S-3	1.575	
Alaskavíðir	S-3A	570	
Alaskavíðir	Ýmis kvæmi	438	
Brekkuvíðir		16.550	
Gljávíðir		10.100	
Viðja		6.850	
Tunguvíðir		2.150	
Rifs		300	
Rifs		1.700	Gróðurh.
Sólber		750	
Stikilsber		90	Gróðurh.
		<hr/>	
		Samtals 63.073	
		<hr/> <hr/>	

Dreifsetning.      Sumargræðlingar.

Tegund	Kvæmi	Fjöldi	Athugas.
Birkikvistur	<i>Spirea betulifolia</i> <i>amiligna</i> <i>tham</i>	2.346	
Skúfkvistur	<i>S. corumbosa</i>	115	
Japanskvistur	<i>S. japonica</i>	23	
Loðkvistur	<i>S. mollifolia</i>	36	
Dvergkvistur	<i>S. bumalda</i> <i>anthony</i> <i>vaterer</i>	7	
	<i>S. betulifolia</i> <i>sp.v.</i> <i>rosen</i>	5	
Runnamura (hvít)	<i>P. fruticosa</i>	230	
Runnamura	<i>P. fruticosa</i>	598	
Runnamura	<i>P. fruticosa</i> <i>farreri</i> <i>postrata</i>	8	
Runnamura (Vagl)	<i>P. fruticosa</i>	69	
Alparifs	<i>A. alpinum</i>	1.196	
Snækóróna	<i>P. coronarius</i>	69	
	<i>Heba odora</i>	23	
Slæðurunni	<i>Holodiscus discolor</i>	18	
Gullsópur	<i>Cytsus</i>	126	Bakkar
Skriðmispill	<i>C. adpressa</i>	126	Bakkar
Kambmispill	<i>C. divaricata</i>	126	Bakkar
Rauðtoppur	<i>L. tatarica</i>	154	Bakkar
Úlfaber	<i>Viburnum opulus</i>	17	Bakkar

---

 Samtals 5.292
 

---

Pottað.

Tegund	Kvæmi	Fjöldi	Athugas.
Birki	Bæjarst.	1.080	
Úlfareynir	S. hostii	128	Múlakot
Álmur	Ulmus glabra	94	
Gráelri	Alnus incana	161	
Rauðelri	Alnus glutinosa	192	
Síberíulerki	Altaí B-894	416	
Fjallafura	Pinus mugo pumilo	141	
Stafafura	B-855	100	2/2/2
Bergfura	B-859	818	2/3
Sitkagreni	B-858	1.648	2/3
Sitkagreni	B-858	1.126	2/2
Rifs	R. sativum	614	
Stikilsber	R. uvacrispa	46	
Namdalsvíðir	Salix smithiana	6	
Myrtuvíðir		17	
Rússavíðir		25	
Gljávíðir	S. pent n.n.	5	Mógilsá
Netvíðir	S. reticulata	19	
Birkikvistur	S. betulifolin amiligna thum	441	
Dögglingkvistur	S. douglasii	116	
Perlukvistur	S. margarita	113	
Sunnukvistur	S. nipponica	62	
Þökkvistur	S. mollifolin	9	
Bogakvistur	S. veitchii	31	
Bjarkeyjarkv.	S. chamedrif vilmifolin	132	
Víðikvistur		155	grár
Síberíukvistur	S. trilobata	15	
Kínakvistur	S. gemata	26	framhald

Dvergkvistur	<i>S. bumalda anthony vaterer</i>	8	
<del>Slúskvistur</del>	<i>S. corumbosa</i>	22	
Japanskvistur	<i>S. japonica</i>	29	
	<i>S. cerena grefsheim</i>	14	
Bergflétta	<i>H. helix</i>	60	
Runnamura	<i>P. fruticosa</i>	294	
Runnamura	<i>P. fruticosa (sandvedana)</i>	170	Hvít
Runnamura	<i>P. fruticosa</i>	25	Ak. smábl.
Runnamura	<i>P. fruticosa</i>	23	lágv. Vögl.
Runnamura	<i>P. fruticosa farreri postrate</i>	4	
Snækóróna	<i>P. coronarius</i>	11	
Glansmispill	<i>C. acutifolin</i>	386	
Vaftoppur	<i>L. caprifolin</i>	9	
Skógartoppur	<i>L. periclymenum</i>	7	
	<i>L. alticea</i>	4	
Gultoppur	<i>L. defexicalyx</i>	2	
Bjarmasóley	<i>Clematis tangutisa</i>	15	
Geitaskegg	<i>Aruncus sylvester</i>	295	
	<i>Nothofagus betuloidus</i>	15	9/75
	<i>Nothofagus pumilio</i>	10	15/79
	<i>Nothofagus pumilio</i>	15	14/79
	<i>Nothofagus pumilio</i>	10	13/79
	<i>Nothofagus antarctica</i>	10	12/79
	<i>Nothofagus antarctica</i>	10	3/79
	<i>Chilotrichium diffusum</i>	5	
	<i>Embothrium cossineum</i>	10	
	<i>Hebe odora</i>	4	
Sitkaelri	<i>Alnus sinuata</i>	5	

---

Samtals 9.208

---

SkógarplönturAfhentar.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/0	3.850	
Birki	Hálsar	B-843	1/1	9.550	Mb.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/1	2.690	
Birki	Hálsar	B-844	2/2	4.175	Mb.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/2	5.440	
Birki	Hall.	B-900	2/2	100	
Birki	Vaglir		2/0	200	
Blágreini	Mc. Kenzio	B-781	2/3	700	
Rauðgreini	Bindal	B-803	2/3	2.300	
Sitkagreini	Homer	B-858	2/2	16.900	
Sitkagreini	Homer	B-858	2/3	17.870	
Sitkagreini	Homer	B-886	2/2	22.550	
Sitkagreini	Cordova	B-817	2/3	18.650	
Sitkagreini	Cordova	B-817	2/3	2.100	Mb.
Sitkagreini	Haines	B-911	2/2	13.375	
Bergfura	Ht. confl.	B-859	2/2	4.210	Mb.
Bergfura	Ht. confl.	B-859	2/3	9.100	
Broddfura	Hall.	B-881	2/3	2.000	Mb.
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	13.000	
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	48.640	Mb.
Stafafura	Skagway	B-855	2/2/2	2.450	
Stafafura	Haines	B-854	2/2/2	1.100	
Síberífulerki	Altaí	B-894	2/1	<u>22.589</u>	Mb.
			Samtals	223.539	
				<del>223.539</del>	

Garðplöntur.      Afhending 1979.

Tegund	Fjöldi	Ath.
Birki limgerðispl.	1.790	
Birki pottar	389	
Gráelri	13	
Sitkaelri	21	
Gráreynir	59	
Reyniviður	72	
Úlfareynir	65	
Heggur	12	
Alaskaösp	1.082	
Gullregn	18	
Selja	10	
Fjallapínur	26	
Blágreini	13	
Sitkagreini	792	
Bergfura	26	
Stafafura	27	
Síberíulerki	66	
Rifs	160	
Fjallarifs	155	
Blóðrifs	16	
Sólber	12	
Stikilsber	64	
Birkikvistur	424	
Bogakvistur	103	
Perlukvistur	234	
Dögglingiskvistur	44	
Sunnukvistur	84	

Loðkvistur	14
Skúfkvistur	25
Kínakvistur	13
Bjarkeyjarkvistur	12
Snækvistur	40
Runnamura	181
Blátoppur	48
Glæsitoppur	12
Reyniblaðka	12
Hunangsviður	165
Geitaskegg	58
Snjóber	99
Skriðmispill	83
Glansmispill	362
Fjalldrapi	25
Ambra	47
Blásunni	15 <sup>1</sup>
Grávíðir	13
Sírenur	17
Dúntoppur	3
Vaftoppur	3
Skógarþóppur	1
Baunatré	1
Hafþyrnir 9	1
Kambmispill	7
Hengimispill	2
Humall	1
Rauðyllir	1
Einir	4
Alpavíðir	4
Loðvíðir	8
Garðakvistur	9

Silfurreynir	<u>2</u>
	<u>7.065</u>
<u>Græðlingar.</u>	
Alaskavíðir	2.762
Brekkuvíðir	2.475
Gljávíðir	2.290
Viðja	<u>3.095</u>
	<u>10.622</u>
<u>Græðlingar (Órættir)</u>	
Gljávíðir	500
Alaskavíðir S-3	100
Alaskavíðir S-4	10.650
Tunguvíðir	50
Sólber	<u>400</u>
	<u>11.700</u>
<u>Hnausaplöntur.</u>	
Sitkagreni	112
Broddfura	5
Lindifura	9
Álmur	3
Askur	<u>3</u>
	<u>132</u>

Samtals 29.519

=====

Skógarplöntur. Áætlað til afhendingar vor 1980.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Geitagerði	B-950	1/2	2.500	Mb.
Birki	Hálsar	B-843	1/2	5.000	Mb.
Rauðgreni	Brönnöy	B-801	2/2	5.275	
Rauðgreni	Bindal	B-803	2/3	14.550	
Rauðgreni	Bindal	B-803	2/3	1.900	Mb.
Sitkagreni	Homer	B-886	2/2	35.000	
Sitkagreni	Homer	B-886	2/2	3.500	Mb.
Sitkagreni	Haines	B-911	2/2	9.000	Toppkal.
Sitkagreni	Haines	B-911	2/2	1.000	Mb.
Sitkagreni	Tumast.	B-915	2/3	8.000	
Sitkagreni	Selfoss	B-903	2/3	1.950	
Sitkagreni	Haines	B-911	2/3	10.000	Toppkal.
Sitkagreni	Múlakot	B-920	2/3	1.150	Mb.
Sotkagreni	Múlakot	B-921	2/3	500	Mb.
Sitkagreni	Háafell	B-922	2/3	1.150	Mb.
Stafafura	Haines	B-908	2/2	9.000	
Stafafura	Haines	B-908	2/2	4.500	Mb.
Stafafura	White pass.	B-934	2/2	2.500	
Stafafura	Skagway	B-935	2/2	13.000	
Stafafura	Skagway	B-935	2/2	2.000	Mb.
Síberfúlerki		B-957	2/1	14.000	Mb.
				<u>Samtals 145.475</u>	
				=====	

Skógarplöntur. Áætlað til afhendingar vor 1980.Notast á Tumastöðum.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
<u>Tekið frá Tumast.</u>					
Birki	Geitagerði	B-950	1/2	1.000	Mb.
Birki	Hálsar	B-843	1/2	1.400	Mb.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/2	2.700	
Rauðgreni	Bindal	B-803	2/3	320	
Sitkagreni	Homer	B-886	2/2	2.830	
Sitkagreni	Tumast.	B-915	2/3	1.370	
Sitkagreni	Selfoss	B-903	2/3	780	
Sitkagreni	Tumast.	B-919	2/3	2.300	
Stafafura	White pass	B-934	2/2	300	
Stafafura	Skagway	B-935	2/2	<u>3.000</u>	
				<u>16.000</u>	
<u>Almennasölu.</u>					
Sitkagreni	Homer	B-886	2/2	4.650	
Sitkagreni	Tumast.	B-915	2/3	1.700	
Stafafura	Skagway	B-935	2/2	2.000	
Síberíulerki		B-957	2/1	<u>2.000</u>	Mb.
				<u>10.350</u>	
<u>Undirmálsplöntur.</u>					
Rauðgreni	Brönnöy	B-801	2/2	540	
Sitkagreni	Tumast.	B-915		520	
Sitkagreni	Homer	B-886	2/2	<u>1.805</u>	
				<u>2.865</u>	

Samtals 174.690

Áætlað til dreifsetningar árið 1980.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Bæjarst.	B-950	2/0	20.000	
Blágreni	Archeleta	B-982	2/0	3.800	
Rauðgreni	Brönnöy	B-801	2/0	6.000	
Rauðgreni	S. nebelat	B-802	2/0	9.000	
Sitkagreni	Homer	B-936	2/0	90.000	Smátt
Sitkagreni	Homer	B-886	2/0	90.000	Smátt
Stafafura	Skagway	B-953	2/0	15.000	
Stafafura	Skagway	B-952	2/0	200.000	Smátt
Stafafura	Haines	B-908	2/0	30.000	
Rússalerki	Modo	C-018	1/0	80.000	
				<u>543.800</u>	
				=====	
				Samtals 543.800	
				=====	